

Sp. 771. Tillaga til þingsályktunar [421. mál]

um íslenskunámskeið fyrir almenning.

Flm.: Júlíus Sólnes, Óli P. Guðbjartsson, Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta undirbúa og halda íslenskunámskeið fyrir almenning í sjónvarpi og á vinnustöðum. Gera skal ráð fyrir því að fólki gefist kostur á að rifja upp beygingarfræði íslenskrar tungu, fá æfingu í rétttritun og ritmáli, þjálfun í framsögn og kennslu í talmáli. Slík námskeið skulu haldin reglulega í sjónvarpi og útvarpi. Kostnaður vegna þeirra skal greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Öllum má vera ljóst að móðurmálið á nú í vök að verjast. Áhrif erlendra tungumála á málfar manna á Íslandi, einkum þó enskrar tungu, eru uggvænleg. Enskuslettur verða sífellt meira áberandi í málfari manna. Fólki verður æ tamara að grípa til enskra orða og hugtaka í máli sínu og virðist það vera farið að gleyma góðum og gildum íslenskum orðum. Þá er sú þróun mjög alvarleg að svo virðist sem það þyki ekki lengur fint að nota íslensk orð í verslun og viðskiptum manna á meðal. Ensk heiti á íslenskum fyrirtækjum ryðja sér til rúms. Í sumum atvinnugreinum og ýmsum greinum tómstundastarfa er nánast tölubenska. Ef ekki verður að gert hlýtur að vera hætta á því að íslenskunnar bíði sömu örlög og geliskunnar á Írlandi.

Setningaskipan bæði í talmáli og ritmáli er byrjuð að brenglast verulega og tekur meir og meir mið af enskri tungu. Allir þekkja þunglamalegt stofnanamálið og ofnotkun nafnorða. Málkennd manna virðist fara hrakandi. Beygingarvillur og ritvillur eru mjög áberandi bæði í talmáli og ritmáli og algengt er að heyra að fólk misskilur gömul hugtök og orðskviði og ruglar þeim saman. Ef við tökum okkur ekki tak og reynum að sporna við þessari þróun má búast við því að íslenska sem talmál líði undir lok á næstu öld.

Íslenska er erfitt tungumál, enda beygingarkerfi hennar talsvert flóknara en í flestum þjóðtungum Evrópulandanna. Þótt íslenskukennsla í skólum landsins sé yfirleitt góð er hætta á því að málfræðiundirstaðan gleymist og beygingar- og stafsetningarreglur ryðgi hjá mjög mörgum. Þess vegna er full þörf á því að bjóða almenningi upp á sérstök upprifjunarnámskeið í íslensku og reyna þannig að stuðla að betra málfari. Það má hugsa sér að riðið verði á vaðið með þáttaröð í sjónvarpi og útvarpi þar sem helstu atriði beygingar- og setningakerfis íslensku yrðu skýrð. Enn fremur yrði farið yfir helstu rétttritunarreglur og notkun orðskviða. Þá er nauðsynlegt að fara yfir mismun á talmáli og ritmáli og kenna fólki að tileinka sér vandað málfar í ræðu og riti og veita því þjálfun í framsögn. Að þessu loknu mætti hugsa sér að fylgja þessu eftir með styttri námskeiðum sem haldin yrðu um allt land fyrir starfsfólk og stjórnendur á stórum vinnustöðum og í stofnunum eða annars staðar þar sem það hentar. Eflaust þarf að endurtaka þetta námskeiðahald reglubundið.

Með áróðri fyrir vönduðu íslensku máli í ræðu og riti og samstilltu þjóðarátaki til þess að hefja móðurmálið til vegs og virðingar að nýju má koma í veg fyrir að íslenskukunnáttu þjóðarinnar hraki frekar en orðið er og snúa þannig vörn í sókn. Það þarf að koma því á að þeir sem sletta erlendum orðum að óþörfu séu taldir hlægilegir. Enn fremur þarf að skapa almenna virðingu fyrir móðurmálinu svo að menn fyrirverði sig fyrir að tala lélegt mál og séu taldir aumkunarverðir fyrir málglöp að óþörfu.